



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK



Garðabæ 27. júlí 2001

Tilvísun: 2001070005

Efni: Álftanesvegur og Vífilsstaðavegur. Tillaga að matsáætlun.

Þjóðminjasafn Íslands hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunnar frá 19. júlí s.l. með ósk um umsögn um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Áður hefur verið fjallað um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda við nýjan Álftanesveg. Eins og fram kemur í tillögu að matsáætlun sem nú liggja fyrir er í henni kynntur nýr möguleiki að á legu Álftanesvegar, svokölluð leið D. Auk þess er í þessari skýrslu fjallað um Vífilsstaðaveg sem samkvæmt úrskurði Skipulagsstofnunnar er matskyld framkvæmd.

Sú nýja leið, leið D, sem nú er lögð til varðandi legur Álftanesvegar er góður kostur með tilliti til fornleifa á svæðinu. Leiðin þverar ekki forna þjóðleið, Fógetastíg (GK-185:075), eins og leið A gerir. Leið D liggur einnig fjær gerðinu (GK-185:077) upp af botni Lambhúsatjarnar en leið A gerir. Þá liggur leið D fjær Garðastekk (GK-185:056) en leið B gerir. Allar leiðirnar sameinast nokkru áður en komið er að gatnamótunum að Bessastöðum og liggja þar í sömu legu og núverandi vegur. Huga þarf vel að því að bæjarhóll Selskarðs (GK-192:001) liggur fast við núverandi veg að austan. Í fyrri umsögn Þjóðminjasafn Íslands var fallist á að nægjanlegt væri að ýrtruðu aðgæslu væri gætt í námunda við bæjarhólinn. Leggja verður ríka áherslu á að allt rask austan vegarins á þessum stað mun kalla á að fornleifarannsókn fari fram á bæjarhólnum.

Í skýrslunni kemur fram að fornleifaúttektin sem gerð var vegna mats á umhverfisáhrifum Álftanesvegar nái yfir það svæði sem hin nýja Vífilsstaðavegur á að liggja um. Þetta er ekki rétt. Þjóðminjasafnið vinnur að skáningu fornleifa í landi Garðabæjar. Þó verkinu sé ekki lokið mun óþarfi að ráðast í frekari athugun af þessu tilefni. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem liggja fyrir hjá safninu mun fyrirhuguð lega Vífilsstaðavegarins ekki hafa áhrif á fornleifar. Endanlega ákvörðun um legur vegarins verður að taka í samráði við Þjóðminjasafn Íslands.

Virðingarfyllst

Kristinn
Magnússon,
fornleifafræðin